

## **Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 72. fundur haldinn að Lyngási, Egilsstöðum 10. september 2015**

**Mættir:** Ruth Magnúsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Steingrímur Karlsson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður. Forföll boðaði Guðmundur Björnsson.

### **Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Kostning formanns, varaformanns og ritara**
- 3. Atvinnustefnan í vinnuferli**
- 4. Upplýsingamiðstöð í Möðrudal**
- 5. Snæfellsskáli**
- 6. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**
- 7. Önnur mál**

Fundur settur stundvíslega kl.16:30.

### **1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða.**

Formaður fór yfir dagskrá fundar. Engar athugasemdir gerðar við hana.

### **2. Kostning formanns, varaformanns og ritara.**

Ruth Magnúsdóttir kosinn áfram formaður og Björn Ármann Ólafsson varaformaður.

### **3. Atvinnustefnan í vinnuferli,**

Í vinnslu er endurskoðun á lögum þjóðgarðsins sem hefur áhrif á atvinnustefnuna. Rætt um að efna til kynningarfundar á atvinnustefnu og boða hagsmunaaðila svo hægt sé að koma með athugasemdir. Hugmynd er að hvert svæðisráð fyrir sig boði til kynningarfundar. Þar verði málið kynnt efnislega en ekki dreift. Uppfæra þarf hagsmunalista, Ragna segir hann nokkuð tilbúinn. Hefja þarf undirbúning, og stefnt á kynningu 20-22 okt.

### **4. Upplýsingamiðstöð í Möðrudal.**

Ruth sagði að stjórn hefði farið í skoðunarferð í ágúst inn að Holuhrauni, mjög gagnleg ferð þar sem ýmsar spurningar vöknudu. Í Möðrudal var óformlegur fundur með Vilhjálmi, lending sú að önnur atлага yrði gerð að sveitafélögum til að koma að málinu.

Ruth mun fara og kynna þessa sameiginlegu hugmynd samstarfs Þjóðgarðs og sveitafélaga. Auk þess eru Ruth og Ragna Fanney að vinna kynningarefni þessu tengt. Því þetta verður ekki bara upplýsingamiðstöð um þjóðgarðinn, heldur almenn upplýsingagiöf um svæðið. Þetta mál er búið að vera uppi í 3 ár og gengið hægt að koma áfram þar sem staðið hefur á svörum/ákvarðanatöku þjóðgarðsins. Vilhjálmur segir því að þau séu hætt að reikna með þessu í sinni uppbyggingu og séu byrjuð að byggja snyrtingu og aðstöðuhús til sinna þarfa. Þórhalli finnst þjóðgarðurinn eiga erfitt með að fara í samstarf og vilja lítinn í þeim efnunum. Ragna segir að ösin á svæðinu sé orðin svo mikil að málið sé að verða alvarlegt.

### **5. Snæfellsskáli.**

Ragna tilkynnti að staðan væri sú að lítið sem ekkert hefði verið hægt að gera þar í sumar, þar sem að mjög seint hefði verið orðið fært inn í Snæfell. Ekki er heldur búið að ganga frá deiliskipulagi.

Rætt um mikilvægi þess að salernishús þjónaði skálagestum, tjaldsvæði og lausatrafíkk. Æskilegt þykir að hafa bæði þurrsalerni og 2 vatnssalerni+ hjólastólasalerni, sturtu, geymslu og uppþvottaðstöðu.

Búið er að teikna stækkun með salerni inn í skála og þykir fundarmönnum það algjörlega út úr kortinu þar sem t.d. ekki má minnka forstofuna því hún er svo mikið notuð til upplýsingagjafar.

Rætt um mögulega staðsetningu snyrtinga. Þórhallur taldi teikningar af aðstöðu eins og í Loðmundarfirði henta. Allir eru sammála um að aðstaðan þarf að vera utan húss en ekki inni í skálanum.

Rökin eru skýr; aðgengi f. lausatrafíkk, það rými sem til er til upplýsingagjafar er nú þegar af skornum skammti og má ekki taka af því, Almenn skoðun fundarmanna er að halda skuli útliti Snæfellsskála þar sem hann á líka sína sögu og taka einnig tillit til þess í útliti, efnisvali og litum við gerð salernisaðstöðunnar.

## 6. Skýrsla Þjóðgarðs

Ragna Fanney: Starfsfólk er að tynast í burtu, þrír starfsmenn eftir. Sumarið gekk mjög vel, engir stórir árekstrar eða áföll. Nokkur fjölgun gesta í Snæfellsstofu, í fyrra komu rúm 13.000.- en núna komin í 14.500 og reiknað með 1500 manns í viðbót á árinu.

Nú er fimm ára afmæli Snæfellsstofu og þau fengu uppstoppaðan hreindýrstarf á sýninguna. Göngur voru vikulega að Hengifossi í samstarfi við Hreppinn, þó ekki fjölmennar. Svæðið við Hengifoss mjög illa farið, en 8 sjálfbóðaliðar unnu í 2 vikur að laga eins og hægt var án mikils tilkostnaðar Þáttaka í fræðsludagskrá hefur aukist, bæði í barnastundum og Hvannalindum.

Það voru sett upp salerni við Kreppubrú. Sjálfbóðaliðar unnu í 3 vikur í sumar og sinntu ýmsu, m.a. kamri, mála, raka, laga stikur, leggja göngustíga og setja upp áningaraðstöðu við Snæfellsstofu. Það var opnað sögulega seint inn í Snæfell, þannig að starfsfólk var nýtt í Snæfellsstofu og í raun er bara nýbúið að opna inn að jökli þegar þetta er ritað. Ragna er almennt ánægð með starfsfólk þó margir nýjir kæmu til starfa á árinu. Samstarfið hefur gengið vel t.d. í Kverkfjöllum. Öryggisnámskeið var haldið í Jökulsárgljúfrum. Það stendur til að laga slóðina inn að Eyjakofa. Fljótsdalshreppur ætlar að sjá um að fjármagna framkvæmdina.

## 7. ÖNNUR MÁL

### Öryggismál

Þórhallur segir að stjórnendum þjóðgarðsins sé sama um öryggismál og spyr hvornig ætlar þjóðgarðurinn að bregðast við ef starfsmenn ferðafélagsins eru ekki lengur til staðar? Ruth ræðir um að eins og málin séu í Dreka, þá sé upplýsingamerki á bústað skálavarða, ekki landvarða og það sé umhugsunarefni. Þórhallur talar um að aðstaðan til upplýsingagjafar landvarða ætti jafnvel að vera neðar, t.d. við gatnamót við Upptýppinga. Umræðum vísað til næsta fundar.

### Fjárlögin

Jóhann velti fyrir sér hvað fólki finnst um nýju fjárlögin, bendir á að það þyrfti að láta í sér heyra. Það er engin hækkun frá því í fyrra, ekki einu sinni verðlagsbreyting. Fundarmenn sammála að gera þurfi athugasemdir við þetta þar sem um allt of lítið framkvæmdafé sé um að ræða. Útbúa bréf til þingmanna, þar sem enn virðist vera að svíkja loforð. Talað var um við stofnun Þjóðgarðsins að koma mundi fé til uppbyggingar svæðanna.

### Staðbundin þekking

Svæðisráði þykir að ákvörðun, framkvæmdir og endurbætur á svæðinu eigi ekki að vera “miðstýrt” að sunnan heldur fái svæðin að hafa sitt að segja, líkt og um snyrtiaðstöðu Snæfellsskála.

Næsti fundur áætlaður 22. okt. við kynningu á atvinnustefnu.

Fundi slitið kl.18:00

*Fundargerð ritaði Steingrímur*